

Nefndasvið Alþingis
Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Garðabær, 9. mars 2021
Tilvísun: 202103-0005/42-1-3
PLP
khs/plp

Efni: Tillaga til þingsályktunar um leyfi til veiða á álf, grágæs, heiðagæs og helsingja utan hefðbundins veiðitíma, 279. mál.

Í tillögnum er lagt til að Alþingi álykti að fela umhverfis- og auðlindaráðherra að útbúa tillögur um heimild til tímabundinna og skilyrtra veiða á eftirfarandi tegundum fugla, utan hefðbundins veiðitíma þeirra:

- álf, grágæs, heiðagæs og helsingja á kornökum og túnum frá 15. mars til 15. júní,
- álf á kornökum frá 1. maí til 1. október.

Gert er ráð fyrir að leyfin verði veitt á þeim svæðum þar sem þörf er talin á aðgerðum vegna ágangs fugla á tún og kornakra. Ráðherra geri jafnframt áætlun um að tryggja vernd stofnanna og að skýra Alþingi frá tillögum sínum eigi síðar en 1. apríl 2021. Með þingsályktuninni fylgir greinargerð þar sem m.a. eru rakin þekking á stofnum viðkomandi tegunda og þær breytingar sem orðið hafa á undanförunum árum. Þar er m.a. fullyrt að álfir, grágæsir, heiðagæsir og helsingjar valdi miklu tjóni á túnum og kornökum og að þörf sé að finna leiðir fyrir bændur til þess að stemma stigu við ágangi fuglanna. Einnig að umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun og Bændasamtök Íslands hafi tekið saman upplýsingar um ágang af völdum gæsa og álfta á ræktarlönd og að hægt er að byggja á þeirri vinnu við mat á þörf til að bregðast við ágangi. Bent er á nauðsyn þess að tryggja vernd stofnanna og meta árangur aðgerðanna. Flutningsmenn telja nauðsynlegt að setja markmið um stærð stofna þessara tegunda og mikilvægt að til sé skýr heimild og áætlun um veiðar á álf og gæs í því skyni að minnka tjón bænda, hvort sem hún feli í sér breytingar á lögum eða eftir atvikum reglugerðum þar að lútandi. Samhliða þessari aðgerð verði gerð áætlun um að tryggja vernd stofnanna.

Fyrir Alþingi liggur nú frumvarp til nýrra laga um vernd og veiðar villtra fugla og villtra spendýra. Þar er m.a. gert ráð fyrir að gerðar verði stjórnunar- og verndaráætlanir um allar þær tegundir sem lögin taka til. Efnilega mun verða tekið á þeim álitamálum sem flutningsmenn þingsályktunartillögunnar tilgreina í slíkri vinnu. Á þeim grundvelli telur Náttúrufræðistofnun Íslands ekki tímabært að útbúa tillögur líkt og gert er ráð fyrir í þingsályktunartillögnum.

Virðingarfyllst,



Þorkell Lindberg Þórarinsson
forstjóri

